

naðsynlegt að útvegaðar verði ítarlegri skýrslur um þau atriði, er nú skal greina:

1. Hvernig fjárhag Teits bónda Jóhannssonar sé varið; hvort og að hve miklu leyti hann eigi ábúðarjörð sína og hvort honum komi tekjur annarstaðar frá en af búi sínu.
2. Hvaðan peningar þeir hafi verið, er hann hafði, þá er brann á Hraunhálsi.
3. Hvernig hafi verið um úttekt hans í kaupstað og skuldir hans þar síðan kona hans dó.
4. Hvort Sigríður eigi sjálf nokkrar eigur eða hafi haft eða hafi nokkrar sjálfstæðar tekjur.
5. Hvenær hún hafi farið að hafa reikning fyrir sig í kaupstaðnum og hvað hafi leitt til þess.
6. Hvort hún hafi haft eigin reikning þar síðan er kona Teits dó, og hvernig úttekt hennar þá hafi verið varið.
7. Hvernig hún hafi fyrirfarandi greitt þar skuldir sínar.
8. Hvort Teiti hafi verið kunnugt um skuldir hennar þar.
9. Af hverju skuld sú hafi stafað, er Sigríður ætlaði að greiða sýslumanni í dánarbú eitthvert með 100 kr. af fé því, er hún tók frá Teiti.
10. Hvernig Teitur hafi lagt til búins.
11. Hvort vörur þær, er Sigríður tók út og skuldir hennar stöfuðu frá, geta álitist hafa verið nauðsynlegar til framfærslu heimilisins.
12. Hvort úttekt hennar hafi gengið tll nokkurs annars en heimilisparfa eða hún hafi hagnýtt hana til sérstakra þarfa, er heimilinu voru óviðkomandi.
13. Hvort Sigríður hélt illa á því, er búinu var lagt.

14. Hvort hún réð öðruvísi yfir því er kom á heimilið fyrir úttekt hennar, en öðrum forða búsin.
15. Hvað leiddi Sigríði til þess að taka af peningum Teits til þess að borga eigin skuld hans til kaupmanns.
16. Hvort Sigríður átti kú þá, er hún segist hafa veðsett fyrir skuld sinni, eða Davíð ær þær, er hann veðsetti fyrir sömu skuld.

Um þessi atriði öll og fleiri, er geta orðið til að skýra framkomu ákærðu, ber að fá sem fyrst skýrslu heimilismanna á Hraunhálsi og kaupmanna og annara, er um þau geta gefið upplýsingar.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega skýrslur þær, er að framan greinir, svo fljótt sem verða má.